

## FUNDARGERÐ

### FÉLAGSMÁLARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

116. fundur félagsmálaráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn, 22.06.2011, kl: 13.00 í fundarherbergi Ráðhússins.

#### **Mættir undirritaðir:**

#### **Dagskrá:**

1. Skipan fræðslu-og félagsþjónustu í Húnaþingi vestra.
2. Önnur mál.

#### **Afgreiðslur.**

1. Skólastjóri grunnskólans og leikskólastjóri eru mættir til fundar félagsmálaráðs til að kynna drög að tillögu um skipan fræðslu-og félagsþjónustu í Húnaþingi vestra. Félagsmálaráð lýsir yfir ánægju sinni með framlagða tillögu um skipan fræðslu-og félagsþjónustu í Húnaþingi vestra. Félagsmálaráð leggur áherslu á að í starf fræðslu-og félagsmálastjóra verði ráðinn starfsmaður með menntun félagsráðgjafa og að ekki verði skert starfshlutföll sem verið hafa á sviði félagsþjónustu. Félagsmálaráð óskar eftir að fá að fylgjast með og vera með í ráðum um endanlega útfærslu skipuritsins og starfslýsingum starfsmanna.

#### **Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 14:16**

Þ. Karl Eggertsson(sign.),  
Kristín Jóhannesdóttir(sign.),  
Sigrún Birna Gunnarsdóttir(sign.),

Kristín Ólöf Þórarinsdóttir(sign.),  
Ásta Þorsteinsdóttir(sign.),  
Guðrún Ragnarsdóttir(sign.).